

Ed.

## 9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um verkstjóranámskeið.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

### 1. gr.

Halda skal, að fengnu samþykki ráðherra, námskeið í verkstjórn árlega, eða oftár, ef þörf krefur.

### 2. gr.

Stjórn námskeiðanna annast þrjú menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, samkvæmt tilnefningu Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Ráðherra skipar formann námskeiðsstjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra iðnaðarmála fer með yfirstjórn þessara mála.

### 3. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

- a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri, nema hann hafi lokið sveinsprófi í þeirri starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í, eða fyrir liggja yfirlýsing atvinnuveitanda um að umsækjandi sé ráðinn verkstjóri hjá honum, að námi loknu.
- b. Að hann hafi unnið tólf mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.
- c. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða á annan hátt hlotið fullnægjandi menntun, að dómi námskeiðsstjórnar.
- d. Að hann fullnægi öðrum inntökuskilyrðum, sem ráðherra setur með reglugerð.

### 4. gr.

Ráðherra setur ákvæði um það með reglugerð, að fengnum tillögum Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu, prófum, einkunnagjöf og útgáfu prófskírteina skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

### 5. gr.

Próf skulu haldin að loknu námskeiði.

Ráðherra skipar prófdómendur, að fengnum tillögum stjórnar námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullu nafni hvers próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem hann hefur hlotið, skal rita í bækur, sem ráðuneytið löggildir til þess. Prófdómendur og stjórn námskeiðanna skulu staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

### 6. gr.

Stjórn verkstjóranámskeiðanna skal hafa samstarf við samtök framleiðenda og aðra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta og gera árlega tillögur um hvar, hvenær og með hvaða sniði verkstjóranámskeið skulu haldin næsta ár á eftir.

Kostnaðaráætlun skal fylgja slíkum tillögum hverju sinni.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast framkvæmd námskeiðanna í umboði námskeiðsstjórnar og hafa á hendi fjárreiður þeirra og varðveita gögn þau og muni, sem námskeiðunum tilheyra.

7. gr.

Jafnframt verkstjóranámskeiðum skal stjórn námskeiðanna heimilt að starf-rækja bréfaskóla í verkstjórn, ef henta þykir.

8. gr.

Kostnaður við verkstjóranámskeið og bréfaskóla samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Enn vantar talsvert á að hagnýt sérmenntun í ýmsum verklegum efnun sé fullnægjandi hér á landi og sambærileg við það, sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar. Verkstjórar, sem stjórna verulegum hluta vinnuafis þjóðarinnar og bera í daglegu starfi að miklu leyti ábyrgð á framkvæmdum og framleiðslu landsmanna, eiga þess t. d. lítinn kost að afla sér sérmenntunar, enda þótt Verkstjórásam-band Íslands hafi með fjárstuðningi ríkissjóðs og Vinnuveitendasambands Íslands leitast við að bæta úr vöntun þeirri, sem hér um ræðir, með því að halda nám-skeið öðru hvoru fyrir verkstjóra.

Frumvörp til laga um að bæta úr þessu, hafa þrívægis verið lögð fyrir Alþingi. Fyrst árið 1939, árið 1950 og loks árið 1959, en eigi orðið að lögum.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er samið í iðnaðarmálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórásambands Íslands. Með frumvarpinu er stefnt að því að koma verk-stjórnarfræðslu í fast horf með árlegri kennslu fyrir starfandi verkstjóra og verkstjóraefni, í bóklegum og verklegum fræðum, eftir því, sem þörf verður talin á, að dómi þeirra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi og innan þess ramma, sem fjárveitingar leyfa.

Til grundvallar frumvarpinu liggur m. a. álitserð Rolf Wattne, yfirverkfræð-ings og forstöðumans verkstjórnardeildar Statens Teknologisk Institutt í Oslo, sem dvaldist hér á landi í aprilmánuði 1959 á vegum Iðnaðarmálastofnunar Ís-lands, í þeim tilgangi að rannsaka þörf íslensks atvinnulífs fyrir verkstjórnar-fræðslu.

Frumvarpið er að efni til áþekkt því frumvarpi, sem flutt var á Alþingi árið 1959, en þó frábrugðið því í tveimur veigamiklum atriðum. Í fyrsta lagi er hér lagt til, að námskeiðunum verði skipuð sérstök stjórn og Iðnaðarmálastofnun Íslands hafi á hendi framkvæmd námskeiðanna í umboði hennar, en samkvæmt frumvarp-inu frá 1959 skyldu námskeiðin haldin í sambandi við iðnskóla og stjórn þeirra vera í höndum skólustjóra viðkomandi iðnskóla, auk tveggja manna annarra, tilnefndra af Verkstjórásambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Er þess vænzt, að sá háttur, sem hér er lagt til að á verði hafður, tryggi betur nauð-synlega yfirsýn yfir þörfina fyrir námskeiðahald, svo og að með fastri stjórn á málum þessum skapist betri skilyrði til þess að fylgjast með því, sem gerist í þessum efnun í öðrum löndum. Forgöngumenn málsins meðal verkstjóra og vinnu-veitenda, svo og hinn norski sérfræðingur, leggja og allir eindregið til, að þessi háttur sé á hafður.

Hin breytingin er sú, að samkvæmt þessu frumvarpi er fellt niður að lög-ákveða forgangsrétt til verkstjórnar í opinberri vinnu til handa þeim, sem ljúka verkstjóranámskeiði, eða verkstjórum, sem hafa starfað tiltekinn lágmarkstíma, þegar lögin taka gildi. Hefur verið á það bent, að vafasamt sé að láta próf frá nokkurra mánaða námskeiði veita svo skilyrðislausan forgangsrétt til verkstjórn-

ar. Virðist ekki tímabært að lögleiða hann fyrr en nokkur raun er komin á námskeiðin og hvert gagn menn hafa af þeim.

#### Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

##### Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

##### Um 2. gr.

Um stjórn námskeiðanna vísast til þess, sem að framan segir. Ef það verður ofan á að hafa hana svo sem hér er lagt til, þykir eðlilegt, að yfirstjórn þeirra heyrir undir iðnaðarmálaráðherra.

##### Um 3. gr.

Hér eru talin þau skilyrði, sem rétt þykir að setja til þátttöku í verkstjóra-námskeiðunum.

Rétt þykir að setja það skilyrði, að þátttakendur hafi náð 22 ára aldri og þá væntanlega nægilegum þroska til þess að geta, með viðunandi árangri, sagt fyrir verkum. Þó þykir rétt að krefjast ekki 22 ára aldurs, ef atvinnurekandi hefur ráðið umsækjanda til starfa hjá sér að námi loknu. Sama gildir, ef umsækjandi hefur lokið sveinsprófi í þeirri grein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í.

Í b-lið greinarinnar er það skilyrði sett, að umsækjandi hafi unnið a. m. k. 12 mánuði við þá starfsgrein, sem hann hyggst taka að sér verkstjórn í. Þykir rétt að krefjast þessa, og ekki líkur til, að nemandi hafi full not af sérkennslu námskeiðanna, nema hann sé kunnugur starfsháttum í umræddri grein.

Krafa c-liðs um almenna undirbúningsmenntun er ekki fastmótuð, því enda þótt æskilegt þygi að krefjast, er fram liða stundir, miðskólaprófs, er líklegt að til að byrja með berist þátttökuumsóknir frá ýmsum verkstjórum, sem komnir voru af skólaaldri, er núgildandi fræðslukerfi tók gildi og áttu því ekki jafn greiðan aðgang að framhaldsnámi og unglingar eiga nú. Ekki virðist æskilegt að meina slíku mönnum aðgang að verkstjóranámskeiðum, en rétt að leggja það undir mat námskeiðsstjórnar, hvort henni þykir umsækjandi hafa aflað sér menntunar, sem sé fullnægjandi til að hann geti haft veruleg not af kennslu á verkstjóranámskeiði.

Í d-lið er ráðherra fengin heimild til að setja fleiri inntökuskilyrði, ef þurfa þykir, þar sem starfræksla þessi á öll eftir að mótast.

##### Um 4. gr.

Eins og að líkum lætur eru störf þau, sem verkstjórar stjórna, svo margvísleg, að varla er gerlegt að taka upp í lög um verkstjóranámskeið ákvæði um námsefni, kennslutilhögun og ýmislegt annað varðandi námið og prófin. Er því ætlað til að ráðherra setji reglugerð um þessi efni. Gert er ráð fyrir að námskeiðin verði tvíþætt, annars vegar almennar námsgreinar, sem allir verkstjórar hafa gagn af, svo sem stjórn á mönnum og vinnutilhögun, kennsla í meðferð uppdrátta og línurita, skýrslugerð, kostnaðaráætlanir og efnisreikningur, bókhald og vinnuskýrslugerð og hjálp í viðlögum.

Hinn þáttur námskeiðanna er stórum fjölbreyttari og erfiðari í framkvæmd, en það er sérnám fyrir verkstjóra í ákveðnum starfsgreinum. Er ljóst, að varla verður unnt að halda uppi sérkennslu nema í fáum greinum árlega og verður þá að sjálfsögðu að byrja þar, sem þörfin er mest. Líka er hugsanlegt, að unnt sé að meira eða minna leyti að sameina sérkennslu í tveimur eða fleiri skyldum starfsgreinum.

Um allt þetta er gert ráð fyrir að ákvæði komi í reglugerð, en áður en slík ákvæði verða sett verði þeim þremur aðilum, sem tilnefna menn í stjórn námskeiðanna, gefið tækifæri til að fjalla um reglugerðina og koma fram tillögum sínum.

Um 5. gr.

Vegna þess hve margar og ólíkar kennslugreinar getur verið um að ræða, eftir því fyrir hvaða starfsgrein námskeið eru haldin hverju sinni, þykir rétt að prófdómendur séu skipaðir til aðstoðar kennurum og forstöðumönnum námskeiðanna í stað þess, að kennarar gefi einir einkunnir. Virðist eðlilegt að valdir verði sem prófdómendur menn, sem búa eða dvelja sem næst námskeiðsstað, eftir því sem fánlegir eru menn með nægjanlegri sérþekkingu.

Kennarar og prófdómendur skulu undirrita skýrslur um einkunnagjafir, hver í sinni grein, og afhenda námskeiðsstjóra, sem síðan færir í löggiltar bækur allar einkunnir og annað, er máli skiptir, að prófi loknu.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um verksvið stjórnar þeirrar fyrir verkstjóra-námskeið, sem ráðherra skipar samkvæmt 2. gr. Skal hún samkvæmt þessari grein leitast við að mynda sér sem bezta yfirsýn um mál þessi á hverjum tíma, m. a. með nánu samstarfi við samtök framleiðenda og aðra, sem málið varðar, svo sem opinberar stofnanir, sem marga verkstjóra hafa í þjónustu sinni, t. d. Vegagerð ríkisins, Landssíma Íslands og Rafmagnsveitur ríkisins.

Að athuguðum málavöxtum gerir svo stjórn námskeiðanna árlega tillögur til ráðuneytisins um það, hvar, hvenær og með hvaða sniði skuli halda verkstjóra-námskeið næsta ár á eftir og gerir kostnaðaráætlun.

Lagt er til, að Iðnaðarmálastofnun Íslands annist framkvæmd námskeiðanna, eins og námskeiðsstjórn hefur ákveðið og annist fjárreiður og bókhald.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er tekið í frv. samkvæmt tillögu Iðnaðarmálastofnunar Íslands, enda er talið, að vel geti að gagni komið að halda uppi bréflægri fræðslustarfsemi fyrir verkstjóra.

Komið hefur verið upp bréfaskólum fyrir verkstjóra víða erlendis, t. d. í Noregi, og það þótt gefa góða raun.

Um 8.—9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.